

til 1. janúar 1965, 6% vaxta p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 14.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. marz 1968.

Nr. 23/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigurjóni Tómasi Heiðari Tómassyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Brot gegn heilbrigðissamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Ákvæði 41. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11/1950 hafa fulla stog í ákvæðum laga nr. 35/1940 um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. Hefur ákærði með því að hlíta eigi fyrirmælum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, þeim, er í málinu greinir, gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 255. gr. nefndrar heilbrigðissamþykktar og 8. gr. laga nr. 35/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1962.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000 króna sekt til borgarsjóðs Reykjavíkur, sem afplánist 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði sakadóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 9.000.00, og málflutningslaun verjanda sins fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Tómas Heiðar Tómasson, greiði 3.000 króna sekt til borgarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði sakadóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 9.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 19. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 557/1967: Ákærvaldið gegn Sigurjóni Tómasi Heiðari Tómassyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 10. október 1967, höfðað á hendur Sigurjóni Tómasi Heiðari Tómassyni framkvæmdastjóra, Bjarkargötu 2 í Reykjavík, fæddum 9. október 1888 að Miðhúsum í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu, fyrir brot á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík nr. 11/1950 með því að hafa sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f ekki sinnt ítrekuðum fyrirmælum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til eigenda nefnds fyrirtækis, gefnum samkvæmt heilbrigðissamþykkt í bréfum borgarlæknis, dagsettum 12. ágúst og 7. nóvember 1966, til fyrirtækisins um að framkvæma ráðstafanir — þá innan tilskilins tveggja mánaða frests — í því skyni að draga úr hávaða frá starfsemi nefnds fyrirtækis í húsinu að Njálsgötu 21 í Reykjavík, þannig að hann valdi ekki að dómi heilbrigðisnefndar óþægindum fyrir umhverfi sitt og þá einkum hjá íbúum húsa við Njálsgötu 23, sem eru sambyggð verksmiðjuhúsi fyrirtækisins, sbr. einnig kröfu nefndarinnar í bréfi til ákærða, dagsettu 5. júlí 1966, um greinargerð um tiltækar ráðstafanir í þessu sama skyni.

Brot ákærða telst varða við 1. mgr. 255. gr., sbr. 41. gr. nefndr-

ar heilbrigðissamþykktar nr. 11/1950, sbr. 8. gr. laga um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir nr. 35/1940, sbr. lög nr. 19/1962 um breytingu á þeim lögum.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur ekki sætt ákærum né refsingum, sem áhrif gætu haft á refsimat í máli þessu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 6. nóvember 1965 og 27. apríl 1966 rituðu íbúar að Njálsgötu 23 hér í borg heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og báru fram kvartanir vegna mikils hávaða, sem þeir töldu koma frá verksmiðjurekstri Ölgerðar Egils Skallagrímssonar h/f í húsinu nr. 21 við sömu götu. Óskuðu íbúarnir þess eindregið, að heilbrigðisnefnd fyrirskipaði ölgerðinni að draga úr hávaðanum, enda horfði hann til heilsutjóns og ylli rýrnun á eign þeirra, þar sem erfitt reyndist að leigja hana út. Vitnin Magnhildur Elíasdóttir Lyngdal húsmóðir og Hörður Þorkell Ásbjörnsson, stud. phil., sem bæði kváðust hafa búið að Njálsgötu 23 til fjölda ára, staðfestu fyrir dómi, að mjög mikill hávaði væri í öllum herbergjum hússins, er stæði yfir allan daginn, oft fram á kvöld og jafnvel um helgar, einkum á sumrin, en auk vitnanna byggju í húsinu, sem væri sambyggt húsi ölgerðarinnar, þrjár manneskjur.

Heilbrigðisnefnd fór í skoðunarferð að Njálsgötu 23 hinn 5. júlí 1966, og ritaði borgarlæknir f. h. nefndarinnar ákærða f. h. ölgerðarinnar samdægurs bréf, en í því segir m. a.: „... Nefndin er sammála um, að hávaði sá, er íbúar ofangreinds húss (þ. e. Njálsgötu 23) verða fyrir af völdum fyrirtækis yðar, sé til mikilla óþæginda og geti valdið heilsutjóni. Málinu verður frestað til næsta fundar, og er þess hér með óskað, að þér látið heilbrigðisnefnd í té greinargerð um, hvaða ráðstafanir hægt sé að gera til þess að ráða bót á vandamáli þessu. Óskað er eftir, að umrædd greinargerð hafi borizt skrifstofu minni fyrir 20. þ. m. ...“.

Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður svaraði bréfi þessu f. h. ölgerðarinnar hinn 8. s. m., og segir í bréfi hans m. a.: „... Af þessu tilefni leyfi ég mér að senda yður í ljósriti samning milli þeirra frú Guðrúnar Lyngdal og Tómasar Tómassonar, dags. 18. okt. 1926. Með samningi þessum eignast frú Guðrún Lyngdal „gafllréttindi“ í húsi Ölgerðarinnar Njálsgötu 21. Húsið Njálsgata 23 er síðan byggt upp við þann gafll. Er samningurinn var gerður, var Ölgerðin rekin í húsinu Njálsgötu 21, svo sem hún er ennþá, og hinar sömu eða sams konar vélar voru staðsettar þá sem nú

við hinn umrædda gafl. Frú Lyngdal mátti því vita, að hverju hún gekk, er hún kaus að nota gafl umbjóðana míns í stað þess að byggja sérgafl fyrir byggingu þá, er hún reisti á lóð sinni. Að þessu athuguðu virðist það vera hlutverk eiganda hússins nr. 23 við Njálsgötu að einangra greindan millivegg, svo sem hæfa þykir, en ekki umbjóðanda míns ...“.

Með bréfi, dagsettu 12. ágúst 1966, var ölgerðinni tilkynnt, að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefði á fundi hinn 5. ágúst samþykkt að leggja fyrir eigendur hennar „að gera nú þegar ráðstafanir, til þess að vélarnar valdi ekki óþægindum fyrir umhverfið, sbr. 41. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík“.

Hinn 7. óvember 1966 var ölgerðinni ritað svofellt bréf: „... Á fundi heilbrigðisnefndar hinn 4. þ. m. var rætt um hávaða frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f. Svohljóðandi ályktun var gerð: Samkvæmt niðurstöðum af hávaðamælingu, sem fram fór á vegum heilbrigðiseftirlitsins að Njálsgötu 23 2. þ. m., er ljóst, að eigendur Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson h/f hafa enn ekki gert neinar ráðstafanir til að draga úr hávaða frá starfsemi fyrirtækisins. — Heilbrigðisnefnd leggur því nú fyrir eigendur nefndrar ölgerðar að gera innan tveggja mánaða ráðstafanir til að draga úr þeim hávaða, sem fyrr greinir, þannig að hann valdi ekki óþægindum fyrir umhverfið, að dómi heilbrigðisnefndar. — Verði ekki orðið við kröfum nefndarinnar, munu eigendur Ölgerðarinnar kærðir til sakadóms Reykjavíkur fyrir brot á 41. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík ...“.

Á fundi sínum hinn 13. janúar 1967 samþykkti heilbrigðisnefnd Reykjavíkur að halda fast við kæruna, þar sem í ljós hefði komið við hljóðmælingu daginn áður, að hávaði frá starfsemi ölgerðarinnar hefði ekki minnkað, og í kærubréfi sínu, dagsettu 27. s. m., krafðist nefndin þess, að eigendur fyrirtækisins yrðu dæmdir til refsingar fyrir brot gegn 255. gr., sbr. 41. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík, þar sem ljóst væri, að ítrekuðum fyrirskipunum heilbrigðisnefndar um úrbætur hefði ekki verið hlýtt.

Lagðar hafa verið fram í málinu fjórar hljóðmælingar, sem gerðar voru í húsinu Njálsgötu 23. Um hina fyrstu, sem fram fór hinn 24. september 1964, segir m. a.:

„... Þegar inn í húsið kemur, verður þegar vart við allmikið vélarhljóð, sem kemur gegnum vesturvegg hússins frá húsinu nr. 21 við Njálsgötu, en það er eitt af verksmiðjuhúsum Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f. Mælingin var gerð með Brüel og Kjær Precision Sound Level Meter Type 2203. Niðurstöður

mælingarinnar voru þessar: 1. hæð, hljóðfæraverzlun 74 dB (B), 2. hæð, setustofa 70 dB (B), 3. hæð, setustofa 63 dB (B), rishæð svefn- og lesstofa 59 dB (B). Mælingin var framkvæmd á tíma-bílinu kl. 1830—1855. Hljóðstyrkurinn er gefinn upp í dB (B-filter), en venja er að nota A-filter hljóðmælisins til mælingar á hljóði innan við 55 dB, B-filter til mælingar á hljóði 55-85 dB, eins og hér hefur verið gert, og C-filter þar fyrir ofan. — Í „Byggnadsstyrelsens anvisningar til byggnadsstadgan“ (Svíþjóð, 1960), eru þessi ákvæði um hámarkshljóðstyrk dB (A):

	Mjög hávært hverfi	Mjög hljóðlátt hverfi
Íbúðarherbergi	40	30
Vinnuherbergi í verzlun eða skrifstofu	45	35
Skólastofa	40	30
Sjúkrastofa	25	25
Gistiherbergi	40	30

Vafalaust er hávaði í erlendum borgum víðast allmiklu hærri en gerist hér á landi. Það skal tekið fram til skýringar, að dB skalinn er logaritmiskur, en ekki hlutfallslegur. 60 dB er þannig 10—15 sinnum sterkari hávaði en 30 dB. Hávaði í ofangreindu húsi er því tvímælalaust til mjög mikilla óþæginda, og verður að álykta, að mikil hætta sé á, að heilsutjón hljótist af, ef menn þurfa að búa við hann til langframa ...“.

Í næstu hljóðmælingu, sem fram fór klukkan 1400—1450 hinn 2. nóvember 1966, reyndist hávaðinn þessi:

Filter	„2. hæð setust.	3. hæð setust.	Rishæð
A	64	59	53
B	72	66	62
C	74	68	67

Rið/sek.

—	125	74
—	250	68
—	500	64
—	1000	56
—	2000	34
—	4000	24
—	8000	23“.

Hinn 12. janúar 1967 urðu niðurstöður hljóðmælinga eftirfarandi:

Filter	Verzlun	ÍBÚÐ	ÍBÚÐ	ÍBÚÐ
	I. hæð	setustofa II. hæð	setustofa III. hæð	Ris
A	60	64	60	52
B	69	71	67	60
C	72	75	69	64
Rið/sek.				
— 125	66	74		
— 250	68	68		
— 500	62	65		
— 1000	48	54		
— 2000	50	34		
— 4000	24	30		
— 8000	24	32“.		

Loks var hinn 26. júní 1967, klukkan 1045, mældur hávaði í setustofu annarar hæðar hússins Njálsgötu 23, og var hann þá:

„Filter	
A	64
B	72
C	74
Rið/sek.	
— 125	73
— 250	67
— 500	65
— 1000	55
— 2000	34
— 4000	20“.

Eggert Ólafur Ásgeirsson, fulltrúi við borgarlæknisembættið, annaðist framanskráðar hljóðmælingar. Hann kom fyrir dóm sem vitni. Kvaðst vitnið hafa kynnt sér hljóðmælingar í Svíþjóð, danskt mælitæki, mjög nákvæmt, verið notað og um beinan aflestur verið að ræða. Vitnið sagði, að mælingarnar hefðu ekki verið gerðar upp við gafflvegg, heldur í miðju herbergi eða því sem næst, en þó í þeim herbergjum, sem næst lágu gaffli. Álit vitnisins var, að hávaði sá, sem fram kæmi í nefndum hljóðmælingum, væri geysi mikill miðað við íbúðarhúsnæði, þannig mundi t. d. vera erfitt að tala í síma.

Lagður hefur verið fram í málinu kaupsamningur, sem þau Guðrún H. Lyngdal og ákærði gerðu með sér hinn 18. október 1926. Í samingi þessum segir m. a. svo:

„... Guðrún Lyngdal selur Tómasi Tómassyni lóðarfleyg fyrir norðan eignina á Frakkastíg 16, þannig að lóðarmörk ákvarðast af orðurgafli hússins á Frakkastíg 16. Kaupverðið er kr. 100.00 — eitt hundrað — krónur, sem greiðast við undirskrift samnings þessa, og er kaupsamningur þessi jafnframt kvittun fyrir greiðslu kaupverðsins. Tómas Tómasson afgirðir lóð sína með steinsteypugarði frá norðvesturhorni Frakkastígs 16 og að byggingu Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson við Njálsgötu 21. Báðir aðiljar eru ásáttir um að veita hvor öðrum gagnkvæm gaflréttindi í húsunum Njálsgötu 21 og Frakkastíg 16, að svo miklu leyti sem það ekki kemur í bága við ákvæði byggingarnefndar Reykjavíkur ...“.

Samkvæmt vottorði byggingarfulltrúans í Reykjavík, sem dagsett er hinn 1. nóvember 1965, hefur húsið nr. 23 við Njálsgötu full réttindi samkvæmt byggingarsamþykkt.

Tveir sérfróðir menn voru að ósk Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda ákærða, dómkvaddir til að skoða og rannsaka vegg þann, sem er á milli húsanna Njálsgötu 21 og 23, og gefa álitserð um einangrun hans og tengingu lofta hússins Njálsgötu 23 við vegginn. Til þessara starfa voru fengnir Gunnar M. Steinsen verkfræðingur og Hjálmar Sveinbjörnsson múrarameisteri, sem sömdu mjög ítarlega álitserð, er þeir staðfestu fyrir dómi og kváðu gerða eftir beztu vitund. Í álitserð þeirra segir m. a. svo:

„... Helztu niðurstöður af athugunum okkar eru:

1. Veggurinn milli húsanna er einfaldur 32—34 cm þykkur steinsteyptur veggur, með 4—5 cm léttri klæðningu að innanverðu í nr. 23.

2. Við útveggi eru húsin steyppt saman, og gaflveggur þess hluta nr. 23, sem er hærri en nr. 21, er steypptur ofan á eldri vegginn frá nr. 21.

3. Engin áseta er fyrir loftplötur í nr. 23, nema þær hafi verið brotnar í gamla vegginn, eins og líka járnateikning sýnir og segir fyrir um. Má því ganga út frá því, að plöturnar séu steyptar í fastar raufar, sem brotnar voru í gamla vegginn. Ef ástæða þykir til að kanna þetta betur, þarf að rjúfa léttu klæðninguna og brjóta holur í samskeyti veggs og platna.

4. Af ofantöldum ástæðum má telja, að burðarstofn beggja húsanna sé ein samtengd steinsteyppt heild.

5. Í hvorugu húsinu sáum við nein merki þess, að sérstaklega væru gerðar neinar ráðstafanir til hljóðeinangrunar eða hljóðdeyfingar við millivegginn eða gólfplöturnar (eða útveggi).

Þegar rætt er um hljóð og hljóðeinangrun í byggingum, verður að gera greinarmun á tvenns konar hljóðum, rúmhljóði, sem berst með loftinu, og byggingarhljóðum eða högghljóðum, sem leiðast eftir byggingarhlutunum sjálfum frá hljóðgjafa, sem er í beinu leiðslusambandi við þá. Tal og hljómlist eru rúmhljóð, en t. d. hurðarskellir eru högghljóð.

Hljóðeinangrunarhæfni steinsteyppts veggs gegn rúmhljóðum er nálægt því að vera í beinu hlutfalli við logaritmann af þunga hans per flatareiningu. 32—34 cm þykkur veggur vegur um 800—850 á fermeter (rúmvigt 2.5). Samkvæmt línuriti í handbók (Varme- og lydisolering af betonhuse, B. J. Ramböll) þá má búast við, að meðalrúmeinangrun veggisins sé rúmlega 55 d.b., en frá því dregst líklega eitthvað smávegis vegna hljóðbrúa við gólfplötur og útveggi, en lítillaga bætist við vegna léttu klæðningarinnar innan á veggnum í húsi nr. 23. Þetta verður að teljast allgóð einangrun gegn rúmhljóði, eins og sjá má, ef borið er saman við þær kröfur, sem núgildandi byggingarsamþykkt gerir til rúmeinangrunar milli íbúða, en það er 49 d.b. meðalrúmeinangrun, þó eftir nánari reglum.

Varðandi einangrunarhæfni steinsteyppts veggs gegn högghljóðum þá er allt annað uppi á teningnum. Steinsteypa er þétt efni, sem leiðir högghljóð vel, og steypstur veggur og gólfplötur, samsteyppt, einangra högghljóð mjög illa. Tölulega er þó erfitt að meta það nema með mælingum hverju sinni, en til slíkra mælinga höfum við enga aðstöðu.

Helztu ályktanir okkar varðandi hljóðeinangrunargildi veggisins milli húsanna Njálsgötu nr. 21 og 23 eru því:

1. Gegn rúmhljóðum: Allgóð einangrun.
2. Gegn högghljóðum: Slæm einangrun“.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði verið stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og aðaleigandi fyrirtækisins Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f frá upphafi, en fyrirtækið hefði um fjöldamörg ár rekið ölgerð í húsinu við Njálsgötu 21 hér í borg. Löngu eftir að starfrækslan hófst í nefndu húsi, kvað ákærði hjónin Guðrúnu og Elías Lyngdal hafa fengið heimild til

að byggja við gafl þess, þ. e. gaflréttindi, og þá reist húsið Njálsgötu 23, án þess að einangrun væri sett milli húsanna, og mundu gólf hússins nr. 23 höggvin inn í gafl hússins nr. 21. Ákærða voru kynntar hljóðmælingar þær, sem fram höfðu farið í húsinu Njálsgötu 23, og kvaðst hann í sjálfu sér ekki mótmæla þeim. Sagði ákærði, að tvær vélar fyrirtækisins væru í húsinu Njálsgötu 21, og gæti hann ekki neitað því, að einhver hávaði stafaði frá þeim. Sú vélin, sem ylli minni hávaða, væri að jafnaði í notkun að degi til, en lítið eftir klukkan 1800, og eitthvað um helgar, einkum á sumrin, tíma og tíma. Hin vélin væri til vara, ef hin fyrri gengi úr skorðum. Ákærði kannaðist við að hafa fengið í hendur bréf heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, dagsett 12. ágúst og 7. nóvember 1966. Hann sagðist ekki hafa farið eftir fyrirmælum í þeim um að draga úr hávaða frá iðjurekstri fyrirtækisins, og kvað hann þetta aðgerðarleysi sitt hafa byggzt á því, að hann taldi þá, sem byggðu við gafl húss hans eða nýttu sér gaflréttindi, hafa átt að annast hljóðeinangrun. Tók ákærði fram, að Elías Lyngdal hefði aldrei minnzt á hávaða frá fyrirtækinu við sig, en Elías var eigandi hússins nr. 23 við Njálsgötu frá því að það var byggt og þar til hann andaðist þá nýlega. Ákærði sagðist einn hafa tekið ákvarðanir um að sinna ekki fyrirmælum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, aðrir hluthafar þar hvergi nærri komið, og er sú staðhæfing ákærða studd framburðum þeirra, er sæti eiga í stjórn fyrirtækisins.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi ekki farið eftir þeim fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gaf honum í bréfum, dagsettum 12. ágúst og 7. nóvember 1966. Í 41. gr. heilbrigðis-samþykktar fyrir Reykjavík nr. 11/1950 segir, að öll starfsemi varðandi iðju eða iðnrekstur skuli háð eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar, ef hún getur að dómi nefndarinnar valdið óþrifnaði eða óhollustu, þar á meðal hávaða og titringi, en í 255. gr. samþykktarinnar er ákvæði um, að brot gegn henni eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varði sektum. Skipaður verjandi ákærða hefur haldið því fram, að fyrirskipanir heilbrigðisnefndar í máli þessu hafi ekki verið löglegar, þar sem þeim hafi verið beint að röngum aðilja. Á þá skoðun er ekki unnt að fallast. Samkvæmt orðan 41. gr. bar heilbrigðisnefnd að beina fyrirmælum sínum til þess aðilja, ákærða, sem rak þá starfsemi, er hún taldi geta valdið óhollustu, þar á meðal hávaða, en í máli þessu koma ekki til úrlausnar lögskipti á sviði

einkaréttar vegna framkvæmda á fyrirskipunum nefndarinnar um hljóðdeyfigu. Þar sem ekkert er fram komið, sem hnekki því, að fyrirmæli nefndarinnar hafi einnig að öðru leyti verið á rökum reist, verður ákærði talinn sekur um þá hegðun, sem í ákæru greinir og þar er rétt færð til refsíákvæða. Með hliðsjón af öllum málsatvikum og með vísan til 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir hins vegar mega ákveða, að refsing ákærða skuli niður falla.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmans, krónur 6.000.00.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Sigurjóns Tómasar Heiðars Tómassonar, fellur niður.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmans, krónur 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. marz 1968.

Nr. 58/1967. **Ragnar Þórðarson** (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Ólafi Þorgrímssyni hrl. f. h. Dolcis Ltd.,
Mill Road Kettering, Northants, Englandi
 (Jón Hallvarðsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og
 Legi Einarsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og
 Theodór B. Línal.

Vixilmál. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1967. Krefst hann þess aðallega, að héraðs-